

Fyrir leiðbeiningar fram og aftur um röstina, enda dvelji leiðsögumaður á skipinu meðan það er í Hvammsfirði:

Skip minni en 500 rúmlestir	kr.	570.00
— 500 rúml. og meira, allt að 700	—	795.00
— 700 — — — — 900	—	1020.00
— 900 — — — — 1100	—	1245.00
— 1100 — — — — 1300	—	1470.00
— 1300 — — — — 1500	—	1695.00
— 1500 — — — — 1800	—	1920.00
— 1800 — — stærri	—	2145.00

Auk þessara gjalda greiðist djúpristugjald samkvæmt 2. gr. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

Dvelji leiðsögumaður á skipinu samkvæmt beiðni skipstjóra eða verði hann veðurtepptur á því meðan skipið er á Hvammsfirði, fær hann 300 kr. dagpeninga.

II. KAFLI

Vetrargjaldskrá (gildir á tímabilinu 1. apríl til 30. september).

7. gr.

Gjöldin samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. hækka um einn þriðjung, en samkvæmt 4. gr. haldast þau óbreytt.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 12 12. janúar 1934.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Akureyri.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akureyri, á lóð eða leigir lóð í bæn-um við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða til bæjarsjóðs Akureyrar árlega holræsagjald, 0.6% — 0.6 af hundraði — af fasteignamatsverði húss eða íbúðar og 1% — 1 af hundraði — af fasteignamatsverði lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að hækka holræsagjald þetta um allt að helming án þess að leita þurfi til þess samþykkis ráðuneytisins.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- eða íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðiljar ábyrgð

á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Holræsagjald skal reiknað í heilum og hálfum tug króna. Minna en hálfum tug skal sleppt.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66 14. nóvember 1917, um holræsagjöld á Akureyri og vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri, nr. 48 frá 15. apríl 1925.

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1964.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1964.

Í stað þeirra iðgjalda, sem ákveðin voru með reglugerð nr. 243 31. desember 1963, skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga, nr. 40/1963, vera árið 1964 sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 3135.00
b. Karlar	— 2850.00
c. Konur	— 2140.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 28.50
------------------------------	---------

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 2 28. febrúar 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði reglugerðar nr. 243 31. desember 1963 um upphæð gjalda þessara.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1964.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.